

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

584. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. febrúar 2009 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:


1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Þorvald Þöðvarsson, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar.
3. Fundarboð Veidifélags Miðfirðinga.
4. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
5. Fundargerð 760. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 23. janúar sl.
7. Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.
8. Aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf.
9. Drög að leigusamningi um Búland 3B á Hvammstanga.
10. Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar, Ólafur H. Stefánsson, er mættur til viðræðna við byggðarráð. Ólafur lagði fram drög að verkáætlun framkvæmda sem áætlaðar eru á árinu. Farið yfir áætlunina og undirbúning einstakra framkvæmda.
2. Þorvaldur Þöðvarsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Hvammstanga er mættur til viðræðna við byggðarráð. Þorvaldur gerði grein fyrir breytingum á vegflokki í tengslum við ákvæði nýrra vegalaga.
3. Fram lagt fundarboð Veidifélags Miðfirðinga. Almennur félagsfundur verður haldinn í Laxahvammí þann 7. febrúar nk. kl. 13:30. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Fram lagt erindi Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar um umsókn Karls B. Örvarssonar f.h. Bax ehf um endurnýjun leyfis til að reka gistiheimili ásamt veitingum og áfengisveitingum í Reykjaskóla. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð 760. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Lindal kynnti einstaka liði fundargerðarinnar.
6. Fram lögð til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 23. janúar sl.
7. Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins lagt fram. Í bréfinu er fjallað um reglugerð um lögreglusamþykktir sem gildir sem lögreglusamþykkt fyrir einstök sveitarfélög þ.m.t. sveitarfélög í Húnavatnssýslum.
8. Fram lagt aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf. Fundurinn verður haldinn á Gauksmýri þann 9. febrúar nk. kl. 13:00. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
9. Fram lögð drög að leigusamningi milli Húnaþings vestra og Sneglu ehf. um leigu iðnaðarhúsnæðis að Búlandi 3B á Hvammstanga til 5 ára. Samþykkt að vísa samningnum til afgreiðslu sveitarstjórnar.
10. Fram lagðar til kynningar áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum. Samþykkt að vísa framlögðum gögnum til tæknideildar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

11. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri er mætt til fundarins. Fram lögð eftirfarandi tillaga um breytingu á tekjuviðmiðun vegna álagningar fasteignaskatts árið 2009. Reglur um niðurfellingu fasteignaskatts til tekjulágra eelli- og örorkulífeyrisþega eru vegna iðnaðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur og tekur einungis til fasteignaskatts.



1. Tekjuviðmiðun:
Fyrir einstaklinga

- a) Með heildar tekjur allt að kr. 2.200.000 fær 100% afslátt.
 - b) Með tekjur umfram kr. 3.000.000 enginn afsláttur.
- Fyrir hjón/sambýlisfólk.

- a) Með heildartekjur allt að kr. 3.000.000 fær 100% afslátt.
- b) Með heildartekjur umfram kr. 4.000.000 enginn afsláttur.

2. Elli- og 75% örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu tekjuviðmiði.
3. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
4. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.
5. Við andlát maka styrki sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins.

Bygðarráð samþykkir framlagða tillögu.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Ólafur P. Þorvaldur
Líndraup Þórey Ólafsdóttir
Hannín Ágústsson

Fundi slitið kl. 12:20

Þorvaldur Þorvaldursson

Aðeymarfulltrúi:

Óddur Sigurðarson